

# ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ Í ÞÍNU HVERFI

## ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ VESTURBÆJAR, VESTURGARÐUR

Hjarðarhaga 45 – 47, sími 411 1700, vesturgardur@reykjavik.is

## ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ MIÐBORGAR OG HLÍÐA

Skúlagötu 21, sími 411 1600, midborg.hlidar@reykjavik.is

## ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ LAUGARDALS OG HÁALEITIS

Síðumúla 39, sími 411 1500, laugardalur.haaleiti@reykjavik.is

## ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ GRAFARVOGS OG KJALARNES, MIÐGARÐUR

Langarima 21, sími 411 1400, midgardur@reykjavik.is

## ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ BREIÐHOLTS

Álfabakka 12, sími 411 1300, breidholt@reykjavik.is

## ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ ÁRBÆJAR OG GRAFARHOLTS

Bæjarhálsi 1, sími 411 1200, arbaer@reykjavik.is



### SAMBAND FORELDRAFÉLAGA OG FORELDRARÁÐA Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR

www.samfok.is • samfok@samfok.is • Suðurlandsbraut 24 • sími 562 7720

- Ráðgjöf og upplýsingamiðlun til foreldra
- Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa, stjórnir foreldrafélaga og foreldraráð
- Áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna í menntaráði Reykjavíkur

Bæklingurinn er unninn í samvinnu SAMFOKS, Menntasviðs Reykjavíkur og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Hann inniheldur upplýsingar um samstarf foreldra og skóla. Bæklingnum er dreift til foreldra grunnskólanemenda í Reykjavík.

# STOÐIR Í SKÓLASTARFI FORELDRASAMSTARF



Reykjavíkurborg  
Menntasvið



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og rekstrarsvið

## FORELDRAR BERA HÖFUÐÁBYRGÐ Á UPPELDI OG MENNTUN BARNNA SINNA

Ýmsar rannsóknir benda til þess að þegar foreldrar taka virkan þátt í skólastarfi er frammistaða barna þeirra betri, sjálftraust þeirra meira og viðhorf þeirra jákvæðari.

# MIKILVÆGT ER AÐ FORELDRAR LEGGI SITT AF MÖRKUM TIL AÐ GERA GOTT SKÓLASTARF ENN BETRA

## FORELDRARÁÐ

Foreldraráð er lögbundið ráð og er því ætlað að fjalla um og gefa umsögn til viðkomandi skóla og skólanefndar um skólanámskrá/starfsáætlun skólans og aðrar áætlanir tengdar skólahaldinu.

Í Reykjavík gegnir menntaráð hlutverki skólanefndar. Foreldraráð á að fylgjast með framkvæmd áætlanna og að þær séu kynntar fyrir foreldrum.

Foreldraráðum er ætlað að auka áhrif foreldra á skólastarfið. Þau mynda formlegan vettvang foreldra til að koma sjónarmiðum varðandi innihald, áherslur og skipulag skólahalds á framfæri við stjórnendur skólans.

Foreldraráð ber að kjósa á fundi foreldra að vori. Skólastjóri boðar til fyrsta fundar þar sem lögð eru drög að starfsáætlun ráðsins. Sjá nánar reglugerð um starfsemi foreldraráða á heimasíðu hvers skóla.

**Það sem einkennir samskipti öflugs foreldraráðs og skólastjórnenda eru opin og jákvæð samskipti, góður samstarfsandi, uppbyggileg og málefnaleg gagnrýni og hvatning.**

Til að foreldraráð geti sinnt hlutverki sínu er mikilvægt að það sé í nánú samstarfi við stjórn foreldrafélags viðkomandi skóla og aðra foreldra. Foreldraráðið þarf að geta miðlað upplýsingum um starfið og vera móttækilegt fyrir ábendingum frá öðrum foreldrum. Fréttabréf skóla og/eða foreldrafélaga eru mikilvæg í þessu sambandi en ekki síður heimasíður skóla. Hægt er að fara margar leiðir til að styrkja tengsl foreldraráðs við foreldrahópinn.

**Nauðsynlegt er að foreldraráð, stjórn foreldrafélags og bekkjarfulltrúar hittist nokkrum sinnum á ári til að skiptast á skoðunum og miðla upplýsingum.**

### Á HEIMASÍÐU SKÓLA ÞURFA AÐ VERA EFTIRFARANDI UPPLÝSINGAR:

- Nöfn, netföng, heimilisföng og símanúmer foreldraráðsfulltrúa.
- Starfsáætlun vetrarins þar sem fram kemur hvað fyrirhugað er að ræða í foreldraráðinu á hverjum tíma.
- Fundartímar - dagskrá fundar foreldraráðs fyrir hvern fund.
- Fundargerðir - ekki seinna en þremur dögum eftir fund.
- Leiðbeiningar til foreldra um hvernig þeir geti borið sig að við að koma jákvæðum og neikvæðum ábendingum um skólastarfið á framfæri.

## FORELDRAFÉLÖG

Foreldrafélög eru frjáls félagasamtök/samtök foreldra sem hafa það hlutverk að styðja skólastarfið og efla tengsl foreldra, bæði innbyrðis og við skólann. Hlutverk samtakanna er jafnframt að skapa vettvang fyrir samstarf og samstöðu meðal foreldra. Góð samskipti foreldra auðvelda samráð og samstöðu í uppeldinu.

- Stjórn foreldrafélags er kosin á aðalfundi sem æskilegast er að haldinn sé að vori.
- Stjórnin mótar stefnu og áherslur í starfi í samráði við skólastjórnendur, bekkjarfulltrúa og nemendaráð.
- Markmið starfsins er að stuðla að vellíðan nemenda og bættum námsárangri með því að auka samskipti foreldra og styrkja skólabraginn.
- Stjórnin sér til þess að verkefnum sé skipt milli foreldra þannig að sem flestir taki þátt í undirbúningi og framkvæmd a.m.k. eins verkefnis yfir veturinn.

**Einn mikilvægasti hluti starfs foreldrafélaganna er uppbygging bekkjarstarfsins en það er einn besti samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra í uppeldinu. Í þessu starfi gegna bekkjarfulltrúar afar mikilvægu hlutverki. Markmið starfsins er að stuðla að samstarfi og samskiptum nemenda, foreldra og kennara.**

- Æskilegt er að bekkjarfulltrúarnir, kosnir af foreldrum, séu tveir í hverjum bekk/hóp.
- Þeir gegna hlutverki verkstjóra sem hafa jákvæða hvatningu að leiðarljósi.
- Þeir halda utan um dagskrá sem er ákveðin á sameiginlegum fundi foreldra í bekknum að undangenginni athugun á viðhorfum og óskum barnanna.
- Bekkjarfulltrúar eru jafnframt tengiliðir bekkjarins við foreldrafélag og foreldraráð skóla.

### Á HEIMASÍÐU SKÓLA ÞURFA EFTIRFARANDI UPPLÝSINGAR AÐ KOMA FRAM:

- Nöfn, netföng, heimilisföng og símanúmer stjórnarmanna foreldrafélags og bekkjarfulltrúa.
- Starfsáætlun foreldrafélagsins, viðburðir, bekkjarfulltrúafundir.
- Fundartímar stjórnar og fundargerðir.
- Upplýsingar um skipulag foreldrarólts.